



Alþýðusamband Íslands

Pingskjal nr. 54

Reykjavík 28. október 2016

Ályktun 42. þings ASÍ um jafnréttismál

JAFNRÉTTI ER MANNRÉTTINDI!

Karlar og konur standa ekki jafnfætis á vinnumarkaði þó þokast hafi í rétta átt á síðustu árum. Rannsóknir sýna að konur eru líklegri til að vinna hlutastörf og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna fjölskylduábyrgð. Þær sýna einnig að atvinnurekendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna og að körlum eru oftast boðin hærri laun. Lægri tekjur kvenna leiða til lakari lífeyrisréttinda.

Kynbundinn launamunur er smánarblettur á íslenskum vinnumarkaði og mein sem þarf að uppræta. Jafnalaunastaðallinn er verkfæri sem gerir fyrirtækjum og stofnunum mögulegt að koma sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðunartaka í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun. Í íslenskum og norrænum rannsóknum kemur fram að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á launamun kynjanna. Mikilvægt er að skoða til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að bregðast við því. Brýnustu verkefni í baráttunni fyrir jafnrétti eru endurreisn fæðingarorlofskerfisins og örugg dagvistun barna að orlofi loknu.

Kröfur 42. þings ASÍ eru:

- Innleiða Jafnlaunastaðalinn í fyrirtæki og stofnanir á íslenskum vinnumarkaði og festa ákvæði hans í lög. Með innleiðingu jafnlaunastaðalsins verður launamyndum gegnsærri og getur þannig dregið úr skaðlegum áhrifum launaleyndar á launamun kynjanna.
- Endurreisa þarf fæðingarorlofskerfið þannig að allir geti tekið fæðingarorlof óháð efnahag. Tryggja þarf börnum örugga dagvistun eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- Efla þarf fræðslu um jafnrétti á öllum skólastigum og brjóta niður staðalímyndir sem hafa áhrif á náms- og starfsval.

Verkefni:

- Kynna jafnlaunastaðalinn í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúið að vinna með atvinnurekendum og stjórnvöldum að kynningu og útbreiðslu staðalsins.
- Fæðingarorlof verði a.m.k. 12 mánuðir sem skiptast jafnt á milli foreldra. Tryggja þarf að fyrstu 300 þúsund krónurnar í fæðingarorlofi verði óskertar og hámarksgreiðslur verði ekki lægri en meðallaun á vinnumarkaði.
- Efla þarf samstarf stjórnvalda, samtaka aðila vinnumarkaðarins og fagfélaga um fræðslu og upplýsingagjöf varðandi breytingar á vinnumarkaði og fjölbreyttari náms- og starfstækifæri. Koma þarf á samstarfi heimila, skóla og verkafélags hreyfingarinnar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi jafnréttisfræðslu.

42. þing Alþýðusambands Íslands tekur undir kröfu Kvænnafrídagsins 24. október 2016

KJARAJAFNRÉTTI STRAX!